



Undanþága frá gildandi klæðareglum á öllum mótum á vegum DSÍ árin 2010 og 2011.

Á stjórnarfundi í dag samþykkti stjórn DSÍ eftirfarandi undanþágu frá gildandi klæðareglum IDSF á öllum mótum á vegum DSÍ árið 2010 og 2011.

Heimilt er í flokkum Barna I og II að herra séu í skyrtum úr satínefni að hluta til eða öllu leyti. Skyrtur mega vera með áföstum buxum og með rennilás í stað þess að vera hnepptar.

Greinargerð stjórnar með þessari samþykkt:

Meginþorri drengja í A og K flokki barna eiga eða hafa aðgang að slíkum skyrtum og er það til verulegra þæginda að losna við að girða drengina, sem annars eru gjarnan með skyrtuna upp úr buxunum, en auk þess þyrftu þá flestir að kaupa nýjar hnepptar bómullarskyrtur.

Stjórn DSÍ vill jafnframt ítreka tilmæli til allra keppenda, foreldra, þjálfara og skipuleggenda móta um að virða klæðareglur IDSF að öðru leyti, en stjórn þykir sem keppendur hafi að undanfögnu leitað að ystu mörkum varðandi klæðareglurnar og jafnvel gengið of langt, þó engum hafi til þessa verið vikið úr keppni þess vegna.

Reykjavík, 1. september 2010.

Stjórn DSÍ